

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um matvæli, lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr og lögum um lífræna landbúnaðarframleiðslu (eftirlit, upplýsingagjöf).

(Eftir 2. umræðu, 26. apríl.)

I. KAFLI

Breyting á lögum um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 22. gr. laganna:

- a. Við 6. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Heimilt er að draga úr tíðni eftirlits hjá matvæla fyrirtæki sem hefur vottun frá faggiltum aðila um að innra eftirlit fyrirtækisins uppfylli kröfur laga og regna.
- b. Á eftir 6. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Eftirlitsaðilar skulu flokka fyrirtæki eftir frammistöðu þeirra samkvæmt niðurstöðum úr eftirliti. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um slíka flokkun.
- c. Á eftir 2. másl. 8. mgr. kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Matvælastofnun og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga skulu halda sameiginlega fundi reglulega og eigi sjaldnar en tvisvar á ári.
- d. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga skulu skrá og birta upplýsingar um matvælaeftirlit með sama hætti og Matvælastofnun gerir á grundvelli þessara laga og reglugerða um þau efni sem settar eru samkvæmt lögnum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. a laganna:

- a. 3. mgr. orðast svo:
Birta skal opinberlega upplýsingar um flokkun fyrirtækja eftir frammistöðu þeirra samkvæmt matvælaeftirliti, sbr. 7. mgr. 22. gr. Heimilt er einnig að ákveða birtingu á eftirlitsskýrslum sem flokkunin byggist á. Ráðherra ákveður með reglugerð með hvaða hætti frammistöðuflokkun er birt. Hann getur ákveðið að birta flokkunina í heild en einnig að birta aðeins lista yfir fyrirtæki sem flokkast í tiltekinn flokk eða flokka. Einnig skal kveðið á um í reglugerð hvort birta skuli eftirlitsskýrslurnar. Þá skal ráðherra setja með reglugerð reglur um birtingu niðurstaðna almenns matvælaeftirlits eða upplýsinga sem falla undir 18. gr. a. Ráðherra getur m.a. ákveðið í reglugerðinni að kæra fresti ekki réttaráhrifum opinberrar birtingar og jafnframt ákveðið að vissar upplýsingar skuli ekki birtar. Slíkar reglur skulu kveða á um framsetningu og inntak birtingarinnar, m.a. að birtingin sé rafræn og á hvaða tímamarki skuli birta slíkar upplýsingar.

- b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Eftirlitsaðilar skulu greina opinberlega frá ákvörðunum sem fela í sér:
- stöðvun eða verulega takmörkun á starfsemi matvælafyrirtækis,
 - sölustöðvun og innköllun á vörum sem teljast ekki öruggar til neyslu,
 - áminningu og álagningu dagsekta.

II. KAFLI

Breyting á lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, nr. 66/1998, með síðari breytingum.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

- Orðin „héraðsdýralækna, sérgreinadýralækna“ í a-lið 2. mgr. falla brott.
1. másl. e-liðar 2. mgr. orðast svo: skipulagningu, gagnaöflun, sýnatökur, rannsóknir, skýrslugerð og aðrar aðgerðir varðandi dýrasjúkdóma, heilbrigðissskoðun sláturafurða og heilbrigðiseftirlit með framleiðslu mjólkur.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

1. mgr. fellur brott.
- Við 2. mgr. bætist nýr málslíður, sem verður 1. másl., svohljóðandi: Héraðsdýralæknar starfa á umdæmisstofum Matvælastofnunar.
- Í stað orðsins „umdæmisskrifstofu“ í 2. mgr. kemur: umdæmisstofu.
- Í stað orðsins „umdæmisskrifstofur“ í 3. mgr. kemur: umdæmisstofur.

5. gr.

Fyrirsögn IV. kafla laganna verður: **Héraðsdýralæknar.**

III. KAFLI

Breyting á lögum um lífræna landbúnaðarframleiðslu, nr. 162/1994, með síðari breytingum.

6. gr.

Í stað 1. mgr. 3. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Matvælastofnun fer með stjórnábyrgð og opinbert eftirlit samkvæmt lögum þessum.

Matvælastofnun er heimilt að fela öðrum stofnunum, sjálfstæðum stofum eða einstaklingum að annast tiltekin verkefni sem eru á verksviði Matvælastofnunar samkvæmt lögum þessum að því tilskildu að þau hafi viðeigandi faggildingu. Ráðherra skal mæla nánar fyrir um skilyrði framsals með reglugerð.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2019 nema a-liður 2. gr. sem öðlast gildi 1. janúar 2021.